# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 13. ágúst kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 832. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ólafur Melsted, Lilja Grétarsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Ólöf Sara Gregory.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Magnús Jónsson, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Björn Ingi Edvardsson og Ævar Harðarson.

Ritari var Harri Ormarsson.

**Þetta gerðist:**

1. **Fossagata 6,** *(fsp) stækkun húss* (01.636.7) Mál nr. SN210451 Skjalnr. 12637

Trípólí ehf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík
Hrefna Rósa Jóhannsd. Sætran, Fossagata 6, 102

Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar, dags. 16. júní 2021, um stækkun hússins á lóð nr. 6 við Fossagötu sem felst í byggingu einnar hæðar viðbyggingu við húsið, samkvæmt tillögu Trípólí ehf. dags. 26. maí 2021.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

2. **Hólmsheiði,** *skipting lóðar tímabundið* (04.4) Mál nr. SN210385 Skjalnr. 10771

Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. maí 2021 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 20. maí 2021 um skiptingu lóðarinnar, með heimild til að sameina þær seinna meir, samkvæmt tillögu ódags. Einnig er lagður fram samningur milli Reykjavíkurborgar og Green Atlantic Date Centers dags. 13. febrúar 2017 um tímabundið lóðarvilyrði. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

3. **Járnháls 2-4,** *(fsp) skipting lóðar* (04.323.3) Mál nr. SN210482 Skjalnr. 11742

Ólafur I Halldórsson, Naustabryggja 38, 110 Reykjavík
LF1 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ólafs I. Halldórssonar, dags. 28. júní 2021, ásamt bréfi dags. 25. júní 2021 um skiptingu lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls í tvær lóðir (nr. 2 og 4). Einnig er lagt fram umboð dags. 24. júní 2021 og yfirlýsing dags. 11. febrúar 2021.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

4. **Barónsstígur 78,** *(fsp) svalir á 2. hæð* (01.196.105) Mál nr. SN210533
Skjalnr. 14521

Inga Dröfn Benediktsdóttir, Álfheimar 42, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Ingu Drafnar Benediktsdóttur, dags. 13. júlí 2021, um að setja svalir á 2. hæð hússins á lóð nr. 78 við Barónsstíg. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embættið, og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

5. **Drafnarstígur 3,** *(fsp) stækkun húss* (01.134.2) Mál nr. SN210518
Skjalnr. 13947

Hulda Jónsdóttir, Vinastræti 10, 210 Garðabær
Elísabet Ólafía Ronaldsdóttir, Drafnarstígur 3, 101 Reykjavík

Á fundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn Huldu Jónsdóttur f.h. eiganda, dags 11. júlí 2021, varðandi stækkun húss á lóð nr. 3 við Drafnarstíg. Lögð fram tillaga dags. 22. júní 2021, uppdr. grunnmynd og útlit dags. 26. janúar 2021. og greinargerð vegna fyrirspurnar ódags. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju. ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

6. **Fiskislóð 24-26,** *starfsleyfi ökutækjaleigu - bæta við bílum, breyting á bílaflota* (01.087.7) Mál nr. SN210572
Skjalnr. 14251

Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 6. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Róberts R. Róbertssonar f.h. Airmangi ehf. um að fjölga bifreiðum ökutækjaleigu að Fiskislóð 26 úr einu ökutæki til útleigu í fjögur ökutæki til útleigu.
*Vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra.*

7. **Garðastræti 6,** *Kaffihús/verslun* (11.360.11) Mál nr. BN059564
Skjalnr. 10802

Andaglas ehf., Bergstaðastræti 33B, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta verslunarrými 0101, í kaffihús, veitingastað í flokki ll, tegund e, fyrir 30 gesti á 1. hæð og innrétta gallerý með verslun í kjallararými 0001, í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 6 við Garðastræti.
Erindi fylgir yfirlýsing rýmiseiganda um leigusamning við umsækjanda dags. 19. júli 2021. Gjald kr. 12.100
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

8. **Laugavegur 86-94,** *86 - Bar 1.hæð - 0101* (11.743.30) Mál nr. BN059713
Skjalnr. 7278

Staðarfjall ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. III, tegund F, fyrir 45 gesti í rými 0101 í mhl. 01 og er aðal breytingin sú að salernum er fjölgað úr tveimur í fjögur, í húsi nr. 86 á lóð nr. 86-94 við Laugaveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.
(Gjald kr. 12.100
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

9. **Suðurgata 35,** *Ýmsar breytingar* (11.422.01) Mál nr. BN058753 Skjalnr. 14490

Sigurður Hjörtur Flosason, Suðurgata 35, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera breytingar á garðvegg að Skothúsvegi til þess að koma fyrir sorptunnugeymslu, breyta útliti bílskúrshurðar mhl.02 og gera nýja svalahurð og svalir með aðgengi að garði við suðvesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 35 við Suðurgötu.
Erindi fylgir mæliblað 1.142.2 útgefið 31. janúar 1984 og yfirlit breytinga á skýringaruppdráttum Glámu Kím dags. 21. janúar 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. júní 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2021. Gjald kr. 12.100
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Suðurgötu 33 og 37 og Tjarnargötu 40 og 42.*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

10. **Bröndukvísl 15,** *(fsp) breyting á notkun bílskúrs* (04.235.508) Mál nr. SN210563 Skjalnr. 14528

Gunnar Örn Jóhannsson, Bröndukvísl 15, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Gunnars Arnar Jóhannssonar, dags. 9. ágúst 2021, um breytingu á notkun bílskúrs á lóð nr. 15 við Bröndukvísl sem felst í að útbúa herbergi í skúrnum og taka niður bílskúrshurð og setja þess í stað vegg og glugga.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Freyjugata 44,** *Umsókn um byggingarleyfi - Sauna og salerni* (11.961.02) Mál nr. BN059471 Skjalnr. 11731

Brynjar Pétursson Young, Freyjugata 44, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. júlí 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sauna hús og salerni vestan við og áfast núverandi grillskála við lóðarmörk nr. 42 við Freyjugötu og nr. 8 við Mímisveg á lóð nr. 44 við Freyjugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. júlí 2021. Lagt fram að nýju ásamt samþykki hagsmunaaðila mótt. 22. júní 2021 og 19. júlí 2021.
Stækkun er: 11,6 ferm., 30,2 rúmm. Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 22. júní 2021, samþykki nágranna dags. 23. júní 2021, leiðrétt eyðublað umsóknar dags. 26. júní 2021 og bréf hönnuðar til skipulags vegna fyrirhugaðrar byggingar dags. 26. júní 2021. Gjald kr.12.100
*Samþykkt með vísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með vísan til heimilda í a. lið 2. gr. í viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

12. **Njarðargata 5,** *Breyta hluta kjallara úr sameign í séreign* (11.855.09) Mál nr. BN059254
Skjalnr. 5577

Gunnar Magnússon, Kárastígur 13, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og eignarhaldi í kjallara, byggja svalir, bæta flóttaleiðir úr kjallara, breyta skipulagi íbúða og breyta notkun bílskúrs í vinnustofu í húsi nr. 5 á lóð við Njarðargötu.
Stækkun er: xx,xx ferm., xx,xx rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 27. apríl 2021 og yfirlit breytinga, ódagsett, samþykki eigenda dags. 21. júní 2021. Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 29. maí 2021, bréf hönnuðar dags. 27. júlí 2021, útreikningur birtuskilyrða hönnuðar móttekið 3. ágúst 2021. Gjald kr.12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Rökkvatjörn 1,** *Mhl.05 - Rökkvatjörn 1, Gæfutjörn 10, íbúðir og verslun* (50.516.01) Mál nr. BN059580
Skjalnr.

Hans Olav Andersen, Hávallagata 21, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja 21 íbúða, 3-5 hæða fjölbýlishús ásamt kjallara og verslunar- og þjónusturýmum á jarðhæð, Rökkvatjörn 1 og Gæfutjörn 10, mhl.05, sem er 3. áfangi uppbyggingar á lóð nr. 1 við Rökkvatjörn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2021.
Stærð mhl.05: 2.402.8 ferm., 7.804.1 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 5.051.6 útgefið 13. september 2018, hæðablað 5.051.6.1 dags. 29. maí 2019, hæðablað 5.051.6 útg. 3 dags. 17. mars 2021. Gjald kr. 12.100
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2021 samþykkt.*

14. **Þorragata 1,** *(fsp) stækkun húss* (01.635.7) Mál nr. SN210421
Skjalnr. 6210

Stáss Design ehf., Fiskislóð 24, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. júní 2021 var lögð fram fyrirspurn Stáss Design ehf. dags. 4. júní 2021 um að stækka leikskólann Sælukot á lóð nr. 1 við Þorragötu,sem felst í að fjarlægja tvo skúra á lóðinni og byggja í þeirra stað tveggja hæða viðbyggingu við austurenda núverandi byggingar, samkvæmt uppdrætti dags. 4. júní 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

15. **Bárugata 15,** *Stækka svalir 3.hæð - gluggi 2.hæð o.fl.* (11.363.01) Mál nr. BN059701
Skjalnr. 14533

Hörður Ólafsson, Bárugata 15, 101 Reykjavík
Jórunn Ósk Frímannsd Jensen, Bárugata 15, 101 Reykjavík
Lára Magnúsardóttir, Bárugata 15, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka svalir á 3. hæð, bæta við glugga á austurhlið 2. hæðar, og minnka stigahús til að stækka íbúð 0201 auk ýmissa smávægilegra áður gerðra breytinga á innra skipulagi í íbúðarhúsi, og sameina í einn alla matshluta á lóð nr. 15 við Bárugötu.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18. júli 2021, bréf frá hönnuði dags. 3. ágúst 2021 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

16. **Brekkustígur 3A,** *Viðbygging og svalir* (11.342.05) Mál nr. BN059527
Skjalnr.

Arndís Kristjánsdóttir, Brekkustígur 3A, 101 Reykjavík
Ingólfur Ásgeirsson, Brekkustígur 3A, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera viðbyggingu á einni hæð með þaksvölum við austurhlið, gera nýjan kvist á vesturþekju og færa inngang einbýlishúss á lóð nr. 3A við Brekkustíg. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt skuggavarpsuppdr. Birtu Fróðadóttur dags. 11. ágúst 2021.
Erindi fylgir skuggavarp fyrir og eftir breytingu dags. 14. júní 2021, bréf frá hönnuði dags. 14. júní 2021, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 11. júní 2021, samþykki eigenda lóðar nr. 5 og 3 dags. 14. júní 2021, hæðablað dags.14. júní 1999 og yfirlit breytinga á uppdráttum samþykktum 25. apríl 2006. Gjald kr. 12.100
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Brekkustíg 3, 4, 4a, 4b, 5, 5a og 6.*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

17. **Kringlan 4-12,** *(fsp) nýr byggingarreitur* (01.721.0) Mál nr. SN210561
Skjalnr. 6039

Andri Þór Arinbjörnsson, Marbakkabraut 34, 200 Kópavogur
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Andra Þórs Arinbjörnssonar f.h. Reita, dags. 5. ágúst 2021, um að gera nýjan byggingarreit á hluta bílastæðis á lóð nr. 4-12 við Kringluna fyrir þjónustu og verslun, samkvæmt uppdr. dags. 26. júlí 2021.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

18. **Seljavegur 3A,** *breyting á deiliskipulagi* (01.133.2) Mál nr. SN210553
Skjalnr. 10439

Jón Grétar Ólafsson, Laufskógar 35, 810 Hveragerði
Galdrastál- járnsmiðja ehf., Unnarbraut 10, 170 Seltjarnarnes

Lögð fram umsókn Jóns Grétars Ólafssonar f.h. eiganda dags. 28. júlí 2021, varðandi breytingu á deiliskipulagi Framnesreits vegna lóðarinnar nr. 3A við Seljaveg. Í breytingunni felst að heimilað verði að setja utanáliggjandi svalir, samkvæmt uppdr. joni-arkitekta dags. 27. júlí 2021.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

19. **Skipholt 44,** *Hækka þak - rishæð* (12.530.08) Mál nr. BN059699
Skjalnr. 13888

Marcos Zotes, Skipholt 44, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að stækka íbúð á 2. hæð með því að hækka þak og koma fyrir herbergjum, salerni og svölum í risi húss á lóð nr. 44 við Skipholt.
Samþykki eiganda íbúðar dags. 23.júlí 2021 fylgir. Stækkun : XX ferm., XX rúmm
Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

20. **Skipholt 50,** *Ris - hæð stækkuð - þakgluggar* (12.530.11) Mál nr. BN059714
Skjalnr. 14529

Marcos Zotes, Skipholt 44, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að stækka íbúð á 2. hæð með því að hækka þak og koma fyrir herbergjum, salerni og svölum í risi húss á lóð nr. 50 við Skipholt.
Erindi fylgir samþykki eiganda íbúðar dags. 23.júlí 2021. Stækkun : XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

21. **Stýrimannastígur 8,** *Breyting úti og inni - BN052049* (11.352.10) Mál nr. BN059645
Skjalnr.

Valerie Bures - Bönström, Stýrimannastígur 8, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til breyta innra skipulagi, innrétta bað, geymslu og setustofu í kjallara, færa eldhús á 1. hæð og breyta fyrirkomulagi í risi, einnig að breyta inngangi og gera nýjan glugga í kjallara, byggja timburverönd á vesturhlið og gera tvöfalda hurð út á veröndina á einbýlishúsi á lóð nr. 8 við Stýrimannastíg. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. október 2016. Gjald kr. 12.100
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Bárugötu 30 og Stýrimannastíg 6.*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

22. **Frostaskjól 89-93,** *89 - Viðbygging* (15.150.06) Mál nr. BN059661
Skjalnr. 14532

Grétar Örn Guðmundsson, Baugatangi 7, 102
Þórdís Anna Oddsdóttir, Baugatangi 7, 102

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að reisa einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlið endaraðhúss nr. 89 á lóð nr. 89 til 93 við Frostaskjól.
Samþykki fylgir frá eigendum nr. 91 og 93 dags. 28. júlí og 15. júlí 2021. Bréf frá hönnuði dags. 3. ágúst 2021. Stækkun 17,3 ferm., 45,2 rúmm. Gjald kr. 12.100
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Frostskjóli 87, 95, 97, 99, 101, 103 og 105.*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

23. **Grandavegur 38,** *Kvistar á bakhlið.* (15.203.08) Mál nr. BN059629
Skjalnr. 10327

Auður Sigríður Kristinsdóttir, Grandavegur 38, 107 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að setja tvo kvisti á norðaustur hluta þaks á húsi á lóð nr. 38 við Grandaveg.
Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. júlí 2021 fylgir erindi.
Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm. Gjald kr.12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Langholtsvegur 89,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.410.0) Mál nr. SN210417 Skjalnr. 9599

Aflorka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn Aflorku ehf. dags. 3. júní 2021 um breytingu á deiliskipulagi "Sundin, reitir 1.3 og 1.4" vegna lóðarinnar nr. 89 við Langholtsveg sem felst í að breyta og lyfta þaki hússins svo það gangi fram yfir útbyggingu á suðurhlið og koma þar fyrir svölum, fjölga og stækka kvisti ásamt því að færa inngang efri hæðar á norðurhlið og setja þar stiga, samkvæmt uppdr. Tvíhorf arkitektar 27. júní 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.

*Umsækjandi hafi samband við embættið.*

25. **Úlfarsárdalur - Urðarbrunnur 23-31,** *breyting á deiliskiplagi* (05.053.4) Mál nr. SN210469 Skjalnr. 13486

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 23-31 við Urðarbrunn. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í þrjár lóðir, formi byggingarreits Urðarbrunns 23-25 er breytt og hann færður. Auk þess er einu bílastæði bætt við á Urðarbrunn 23-25, samkvæmt uppdr. VA arkitrekta dags. 30. apríl 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. júlí 2021 til og með 9. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

26. **Breiðagerði 7,** *Garðskáli* (18.141.08) Mál nr. BN059118 Skjalnr. 12920

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Breiðagerði 7, 108 Reykjavík
Ásta Ósk Stefánsdóttir, Breiðagerði 7, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til byggja garðskála við austurhlið og breyta með því erindi BN047655, einnig er sótt um leyfi til að fjarlægja vegg milli eldhúss og stofu og koma fyrir stálstyrkingum í staðinn í einbýlishúsi á lóð nr. 7 við Breiðagerði. Erindi var grenndarkynnt frá 8. júlí 2021 til og með 6. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags.15. maí 2020. Erindi fylgir minnisblað um burðarvirki frá Ferill, verkfræðistofa dags. 30. mars 2021 og ábending frá Veitum dags, 5. ágúst 2021. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 12.100

*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

27. **Grandavegur 47,** *breyting á deiliskipulagi* (01.521.2) Mál nr. SN210509 Skjalnr. 12770

Jakob Emil Líndal, Huldubraut 34, 200 Kópavogur
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Jakobs Emils Líndal f.h. ALARK arkitekta ehf. dags. 7. júlí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grandavegar, Lýsis og SÍS vegna lóðarinnar nr. 47 við Grandaveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum á jarðhæð um tvær og fella út starfsemi fyrir verslun, sjúkraþjálfun og sólbaðstofu í rýmum 00-05 og 00-06, samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 9. ágúst 2021.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

28. **Lindargata 12,** *(fsp) kvistur* (01.151.5) Mál nr. SN210559
Skjalnr. 8035

Bjarni Þóroddsson, Lindargata 12, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Bjarna Þóroddssonar, dags 20. júlí 2021 um að setja kvist á norðurhlið hússins á lóð nr. 12 við Lindargötu.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

29. **Lindargata 42, 44, 46 Vatnsstígur 10-12,** (01.152.5) Mál nr. SN210410
*breyting á deiliskipulag* Skjalnr. 14487

Sigurður Hallgrímsson, Stórakur 7, 210 Garðabær
Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar f.h. Félagsstofnunar stúdenta dags 1. júní 2021, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðanna nr. 42, 44 og 46 við Lindargötu og lóðir nr. 10 og 12 við Vatnsstíg. Í breytingunni felst að heimilt verði að fjarlægja hús á lóð nr. 10 við Vatnsstíg og 44 við Lindargötu, breyta lóðarmörkum lóðanna nr. 12 og 12A við Vatnsstígs, sameina lóðina nr. 44 við Lindargötu 44 við lóðirnar nr. 40, 42 og 46 við Lindargötu, byggja nýtt þriggja hæða hús á lóð nr. 44 við Lindargötu, reisa tveggja hæða hús ásamt risi á lóðunum nr. 12 og 12A við Vatnsstig, fækka bílastæðum á lóð og gera sameiginlegt útisvæði fyrir stúdenta vestan við jarðhæð lóðar nr. 44 við Lindargötu, flytja núverandi byggingu frá lóð nr. 12 við Vatnsstig á nýja lóð nr. 10 við Vatnsstíg, samkvæmt uppdr. Arkþing/Nordic dags. 1. júní 2021.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

30. **Fossvogsvegur 8,** *breyting á deiliskipulagi* (01.849.2) Mál nr. SN210345
Skjalnr. 13951

Guðmundur Gunnlaugsson, Naustabryggja 54-56, 110 Reykjavík
Nýbraut ehf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. maí 2021 var lögð fram umsókn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 6. maí 2021 ásamt bréfi dags. 5. maí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vigdísarlundar vegna lóðarinnar nr. 8 við Fossvogsveg. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir 15 bíla bílgeymslu neðanjarðar ásamt rampa niður í hana. Heimild til að gera bílastæði framan við húsið er breytt úr 21 bílastæði í 15 bílastæði. Einnig er gerð heimaakstursgata og fallið frá því að bakkað sé í Fossvogsveg, samkvæmt uppdr. Guðmundar Gunnlaugssonar arkitekts dags 30. júlí 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju .
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

31. **Haukdælabraut 40,** *Einbýlishús* (51.146.07) Mál nr. BN058806
Skjalnr. 14530

Flísar og steinn ehf., Haukdælabraut 64, 113 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja tvílyft einbýlishús með auka íbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 40 við Haukdælabraut.
Stærðir: 344.7 ferm., 1413.6 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað 5.114.6 dags. 21. febrúar 2008, hæðablað 5.114.6 - B dags. 25. maí 2008, yfirlýsing hönnuðar vegna eignarhalds aðliggjandi lóða nr. 64 og 42 og bréf frá hönnuði varðandi samþykki, dags. 27. júlí 2021. Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

32. **Haukdælabraut 42,** *Einbýlishús* (51.146.08) Mál nr. BN059192
Skjalnr. 14531

Flísar og steinn ehf., Haukdælabraut 64, 113 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu og aukaíbúð á jarðhæð, einangrað að utan og klætt málmklæðningu á lóð nr. 42 við Haukdælabraut.
Erindi fylgir yfirlýsing hönnuðar um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 1. apríl 2021. Stærð, A-rými: 344,7 ferm., 1.426,5 rúmm.
B-rými: 16,8 ferm. Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

33. **Skeifan 2,** *breytingar á 2. hæð og fleira* (14.612.01) Mál nr. BN059686
Skjalnr.

Poulsen ehf., Skeifunni 2, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir breytingum á 2. hæð, loka á milli mhl. 01 og 02 og koma fyrir svölum á mhl 02 í húsi 2 og 4 á lóð nr. 2-6 við Skeifuna. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.
Samþykki eigenda nr. 2 og 4 er fyrir svölum á teikningu. Gjald kr. 12.100
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

34. **Sogavegur 3,** *(fsp) ýmsar breytingar* (01.810.9) Mál nr. SN210528
Skjalnr. 9759

Kjartan Hafsteinn Rafnsson, Álalind 4, 201 Kópavogur
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar f.h. Fiskikóngsins, dags. 15. júlí 2021, varðandi að minnka vinnslu, breyta verslun, bæta við veitingastað í flokki 1d og að byggja yfir portvegna hljóðmengunar, samkvæmt uppdr. Hönnun-skipulag-ráðgjöf ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

35. **Þverholt 18,** *Uppbygging* Mál nr. SN210428
Skjalnr.

Lárus Kristinn Ragnarsson, Bröndukvísl 6, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lagt fram bréf Lárusar Ragnarssonar dags. 7. júní 2021 um að útbúa 30 litlar og meðalstórar íbúðir á lóð nr. 18 við Þverholt. Einnig eru lagðir fram uppdr. Ártúns ehf. dags. 22. mars 2021, br. 14. júní 21 og tillaga Ártúns ehf. dags. 28. apríl 2021 um að bæta við hæð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júlí 2021. Erindi er nú lagt fram að nýju ásamt breyttum uppdr. Ártúns ehf. dags. 9. ágúst 2021 sem m.a. miða að því að gera 25 íbúðir í húsinu og breyta þakformi.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

36. **Gufunes,** *niðurstaða dómnefndar og álit* (02.2)

Mál nr. SN210564
Skjalnr. 7808

Lagðar eru fram tillögur í hugmyndaleit Spildu ehf. í samstarfi við AÍ um framtíðaruppbyggingu og skipulag átta lóða í eigu Spildu ehf. við sjávarsíðuna í Gufunesi. Niðurstöður hugmyndaleitar voru kynntar í júní. Í hugmyndaleitinni var óskað eftir að heildarmynd væri á uppbyggingu lóða með góðri tengingu við göngustígakerfi Reykjavíkurborgar. Leitast var eftir tillögum sem myndu sýna ákveðið heildaryfirbragð; vönduð og góð byggingarlist sem yrði aðlöguð að umhverfinu með áherslu á yfirbragð svæðisins og að nýbyggingar uppfylli á hagkvæman hátt kröfur og hugmyndafræði forsagnar. Niðurstaða dómnefndar var að tillaga frá JVANTSPIJKER& PARTNERS, ANDERSEN & SIGURDSSON og FELIXX LANDSCAPE ARCHITECTS yrði verðlaunatillagan í hugmyndaleitinni.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

37. **Í Úlfarsfellslandi,** *færanlegt bogahýsi - skemma* (9..700..104)

Mál nr. SN210536
Skjalnr. 14503

Guðjón Ágúst Norðdahl, Sóleyjarimi 7, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Guðjóns Norðdahl, dags. 18. júní 2021, um að reisa færanlegt bogahýsi í suðausturhorni, 5 m frá lóðarmörkum á landi í Úlfarsárdal. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

38. **Kjalarnes, Esjuhlíðar,** *framkvæmdaleyfi*

Mál nr. SN210473
Skjalnr. 10198

Skógræktarfélag Reykjavíkur, Elliðavatni, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2021 var lögð fram umsókn Skógræktarfélags Reykjavíkur, dags. 24. júní 2021, um framkvæmdaleyfi vegna lokafrágangs á tengistíg í Esju, samkvæmt uppdrætti Eflu dags. 5. maí 2021. Einnig er lagðar fram tvær umsóknir Skógræktarfélags Reykjavíkurborgar til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 2021 og tillaga Eflu að æfingasvæði Skógræktarfélags Reykjavíkur við Esjurætur. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.

*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020.*

39. **Kjalarnes, Hringvegur,** *framkvæmdaleyfi*

Mál nr. SN210520
Skjalnr. 11316

Anna Elín Jóhannsdóttir, Hrauntunga 99, 200 Kópavogur
Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær

Lögð fram umsókn Önnu Elínar Jóhannsdóttur f.h. Vegagerðarinnar dags. 12. júlí 2021 um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun 5,6 km kafla Hringvegar frá Vallá að Hvalfjarðarvegi, samkvæmt uppdr. Verkís dags. 12. maí 2021.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

40. **Koparslétta 4-8,** *(fsp) sameining lóða og færsla á innkeyrslu* (34..5) Mál nr. SN210530 Skjalnr. 14519

GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
Malbikstöðin ehf., Flugumýri 26, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn Gríma Arkitektar ehf. f.h. Malbikunarstöðvarinnar ehf., dags. 16. júlí 2021, um sameiningu lóðar nr. 4 við lóðirnar nr. 6-8 við Koparsléttu og færslu á innkeyrslu fyrir lóðirnar. Einnig lagt fram bréf hönnuðar dags. 16. júlí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

41. **Koparslétta 22,** *fyrirspurn um skipulag* (34.533.101) Mál nr. SN210574 Skjalnr. 14512

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 11. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort starfsemi að Koparsléttu 22, móttaka spilliefna, samræmist gildandi skipulagi.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

42. **Laugardalur,** *breyting á deiliskipulagi* (01.39) Mál nr. SN210331 Skjalnr. 5451

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Breytingin felur í sér skilgreiningu íþróttamannvirkja á svæði austan Laugardalsvallar. Gerðir verða nýir gervigrasvellir á svokölluðum Valbjarnarvelli. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum gervigrasvöllum til æfinga og að þeir verði afgirtir með netgirðingum og heimilt verði að reisa ljósmöstur við vellina. Áfram er gert ráð fyrir núverandi tennisvöllum og opnum göngu og skokkleiðum á milli Laugardalsvallar og gervigrasvalla, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 28. apríl 2021. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2021 til og með 28. júlí 2021. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Lilja Sigrún Jónsdóttir, f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 28. júlí 2021 og Veitur dags. 28. júlí 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2021 og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

43. **Skarðsvegur 7,** *(fsp) sumarhús og tómstundahús* (00.320) Mál nr. SN210560 Skjalnr. 14527

Anna Katrín Þorvaldsdóttir, Lynghagi 18, 107 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Önnu Katrínar Þorvaldsdóttur, dags. 5. ágúst 2021, ásamt tölvupósti, dags. 10. ágúst 2021,um að koma fyrir 75 fm sumarhúsi og 35 fm tómstundahúsi á lóð nr. 7 við Skarðsveg..
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

44. **Selvogsgrunn 24,** *(fsp) herbergi í bílskúr* (01.350.606) Mál nr. SN210549 Skjalnr. 14524

Jóhanna Björk Halldórsdóttir, Selvogsgrunn 24, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Jóhönnu Bjarkar Halldórsdóttur, dags. 14. júlí 2021, um að gera herbergi í gryfju sem er í bílskúr á lóð nr. 24 við Selvogsgrunn. Einnig eru lagðir uppdr. ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

45. **Vatnsstígur 4,** *Fjölbýlishús* (11.721.19) Mál nr. BN059362
Skjalnr. 12503

Leiguíbúðir ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjögurra hæða fjölbýlishús úr forsteyptum einingum með 13 íbúðum, atvinnurýmum á jarðhæð og kjallara með geymslum og bílastæðum fyrir níu bíla á lóð nr. 4 við Vatnsstíg.
Erindi fylgir umboð til hönnuðar dags. 28. janúar 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2021.Stærð, A-rými: 2.118,2 ferm., 6.435 rúmm.
B-rými: xx ferm. Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

46. **Viðarrimi 19-25,** *breyting á deiliskipulagi* (02.528.7) Mál nr. SN210382
Skjalnr. 14259

Pétur Sigurbjörn Pétursson, Viðarrimi 25, 112 Reykjavík
Jón Guðmundsson, Lágaleiti 13, 103 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. júní 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Guðmundssonar dags. 20. maí 2021 ásamt bréfi dags. 19. maí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 19-25 við Viðarrima. Í breytingunni felst að lóðin nr. 25 við Viðarrima verði sér lóð. Einnig er lagður fram uppdr./grunnmynd Jóns Guðmundssonar arkitekts dags. 19. maí 2021. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

47. **Fýlshólar 4,** *breyting á deiliskipulagi* (04.641.5) Mál nr. SN210478
Skjalnr. 14311

Guðmundur Gunnlaugsson, Naustabryggja 54-56, 110 Reykjavík
Andrés Kristinn Konráðsson, Fýlshólar 4, 111 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2021 var lögð fram umsókn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 25. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, Hólahverfi vegna lóðarinnar nr. 4 Fýlshóla. Í breytingunni felst að heimilt verði að stækka kjallara hússins, samkvæmt uppdr. Guðmundar Gunnlaugssonar arkitekts FAÍ ódags. Við stækkunina eykst nýtingarhlutfall lóðar. Erindinu var vísað til meðferðar meðferðar og úrvinnslu hverfisskipulags Breiðholts.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

48. **Glæsibær 3,** *(fsp) breyting á notkun bílskúrs* (04.352) Mál nr. SN200723
Skjalnr. 14373

Guðjón Axel Guðjónsson, Glæsibær 3, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. desember 2020 var lögð fram fyrirspurn Guðjóns Axels Guðjónssonar dags. 23. nóvember 2020 um að breyta notkun bílskúrs á lóð nr. 3 við Glæsibæ í íbúð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2021 samþykkt.*

49. **Hverfisskipulag, Breiðholt 6.1 Neðra Breiðholt,** *tillaga* (06.1)

Mál nr. SN160263
Skjalnr. 13219

Lögð fram tillaga að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.1 Neðra Breiðholt, dags. 30. apríl 2021, ásamt almennri greinargerð og stefnu, dags. 30. apríl 2021, og skipulagsskilmálum, dags. 30. maí 2021. Einnig er lögð fram verklýsing fyrir hverfisskipulag dags. 25. mars 2015, lagf. 4. maí 2015, skýrsla um íbúaþátttöku og samráð dags. 7. desember 2020, athugasemdir, ábendingar og spurningar sem bárust á kynningartíma vinnslutillagna hverfisskipulags fyrir Breiðholt á tímabilinu 16. júlí til 18. september 2020, samantekt á úrvinnslu athugasemda og ábendinga frá íbúum og hagsmunaaðilum dags. 26. maí 2021 og byggðakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir borgarhluta 6, Breiðholt, skýrsla 216 frá árinu 2021.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

50. **Hverfisskipulag, Breiðholt 6.3 Efra Breiðholt,** *tillaga* (06.3)

Mál nr. SN160265
Skjalnr. 13221

Lögð fram tillaga að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.3 Efra Breiðholt, dags. 30. apríl 2021, ásamt almennri greinargerð og stefnu, dags. 30. apríl 2021, og skipulagsskilmálum, dags. 30. apríl 2021. Einnig er lögð fram verklýsing fyrir hverfisskipulag dags. 25. mars 2015, lagf. 4. maí 2015, skýrsla um íbúaþátttöku og samráð dags. 7. desember 2020, athugasemdir, ábendingar og spurningar sem bárust á kynningartíma vinnslutillagna hverfisskipulags fyrir Breiðholt á tímabilinu 16. júlí til 18. september 2020, samantekt á úrvinnslu athugasemda og ábendinga frá íbúum og hagsmunaaðilum dags. 26. maí 2021 og byggðakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir borgarhluta 6, Breiðholt, skýrsla 216 frá árinu 2021.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

51. **Hverfisskipulag, Breiðholt 6.2 Seljahverfi,** *tillaga* (06.2)

Mál nr. SN160264
Skjalnr. 13220

Lögð fram tillaga að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfi, dags. 30. apríl 2021, ásamt almennri greinargerð og stefnu, dags. 30. apríl 2021, og skipulagsskilmálum, dags. 30. apríl 2021. Einnig er lögð fram verklýsing fyrir hverfisskipulag dags. 25. mars 2015, lagf. 4. maí 2015, skýrsla um íbúaþátttöku og samráð dags. 7. desember 2020, athugasemdir, ábendingar og spurningar sem bárust á kynningartíma vinnslutillagna hverfisskipulags fyrir Breiðholt á tímabilinu 16. júlí til 18. september 2020, samantekt á úrvinnslu athugasemda og ábendinga frá íbúum og hagsmunaaðilum dags. 26. maí 2021 og byggðakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir borgarhluta 6, Breiðholt, skýrsla 216 frá árinu 2021.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

52. **Hverfisskipulag - leiðbeiningar,** *leiðbeiningar*

Mál nr. SN180716
Skjalnr. 7679

Lögð fram tillaga að breytingu á leiðbeiningu hverfisskipulags um fjölgun íbúða dags. 31. maí 2021 sem felur í sér rýmri heimildir til stærðar aukaíbúðar í einbýlishúsum.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

53. **Breiðholt I, Bakkar,** *breyting á deiliskipulagi vegna Arnarbakka* (04.6) Mál nr. SN200364 Skjalnr. 7893

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna Arnarbakka. Breytingin felst í heimild til niðurrifi á núverandi verslunar og þjónustuhúsnæði í Arnarbakka 2-6, uppbyggingu námsmannaíbúða með verslunar- og þjónusturýmum að hluta til á 1. hæð auk íbúðarhúsnæðis á grænni þróunarlóð, gróðurhúss og endurbætur á grænu svæði, samkvæmt uppdr. BASALT arkitekta ehf. dags. 9. júní 2021. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 26. júní 2020 og samgöngumat Mannvits dagsett 9. júní 2021.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

54. **Breiðholt III, Fell,** *breyting á deiliskipulagi vegna Völvufells, Drafnarfells og Eddufells* (04.6) Mál nr. SN200365 Skjalnr. 6586

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fell vegna Völvufells, Drafnarfells, Eddufells og Yrsufells. Breytingin felst í heimild til niðurrifs á leikskólunum Litla Holti og Stóra Holti, uppbyggingar nýs leikskóla með aðkomu frá göngugötu við Drafnarfell auk Völvufelli, auk uppbyggingar fyrir námsmannaíbúðir og sérbýli á grænum þróunarlóðum. Einnig eru þegar fengnar byggingaheimildir á lóð Drafnarfells 2-18 ofan verslana og uppbyggingarheimildir á lóð Eddufells 2-4 endurskoðaðar, samkvæmt uppdr. Krads ehf dags. 9. júní 2021. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 13. júlí 2020, samgöngumat Mannvits dags 9. júní 2021 og hljóðskýrsla Mannvits dags. 30. apríl 2021.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

55. **Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 2,** *deiliskipulag, kynning* (04.0) Mál nr. SN170900 Skjalnr. 11291

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2. - Sævarhöfði á Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 18 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu allt að 1917 íbúða, safnskóla og skóla, verslunar- og þjónustusvæði, almenningsrýmum, borgarlínu og borgarlínustöð. Samhliða skipulagsgerðinni er unnið að vistvottun skipulagsins samkvæmt forsendum vistvottunarkerfisins Breeam Communities.
Tillagan er lögð fram í samræmi við eftirfarandi gögn ráðgjafa frá Arkís arkitektum:
Almennri greinargerð fyrir svæði 2 (og svæði 1) dags. 4. júní 2021
Greinargerð og skilmálar fyrir byggingar og lóðir fyrir svæði 2, dags. 4. júní 2021
Deiliskipulags- og skýringaruppdrættir dags. 4. júní 2021
Einnig er lögð fram Hönnunarhandbók fyrir opin svæði, inngarða og almenningsrými dags. 4. júní 2021, unnin af Landslagi, samgöngumat Verkís dags. júní 2021, Húsakönnun fyrir Ártúnshöfða svæði 1-4 dags. apríl 2021, hljóðvistarskýrsla Verkís dags. maí 2021, umhverfisskýrsla Verkís dags. maí 2021 og mengunarrannsókn Verkís dags. maí 2020.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

56. **Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1,** *deiliskipulag, kynning* (04.0) Mál nr. SN170899 Skjalnr. 11291

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1. - Krossmýrartorg á Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 16 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 1570 íbúða, skóla, verslunar- og þjónustusvæði við Krossamýrartorg, almenningsrýmum, borgarlínu og borgarlínustöð. Samhliða skipulagsgerðinni er unnið að vistvottun skipulagsins samkvæmt forsendum vistvottunarkerfisins Breeam Communities.
Tillagan er lögð fram í samræmi við eftirfarandi gögn ráðgjafa frá Arkís arkitektum og ASK arkitektum:
Almenn greinargerð fyrir svæði 1 (og svæði 2) dags. 4. júní 2021
Skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð fyrir svæði 1. dags. 4. júní 2021
Deiliskipulags- og skýringaruppdrættir dags. 4. júní 2021
Einnig er lögð fram Hönnunarhandbók fyrir opin svæði, inngarða og almenningsrými dags. 4. júní 2021, unnin af Landslagi, samgöngumat Verkís dags. júní 2021, Húsakönnun fyrir Ártúnshöfða svæði 1-4 dags. apríl 2021, hljóðvistarskýrsla Verkís dags. maí 2021, umhverfisskýrsla Verkís dags. maí 2021 og mengunarrannsókn Verkís dags. maí 2020.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

57. **Elliðaárdalur svæði norðan Miklubrautar,** *breyting á deiliskipulagi* (04.2) Mál nr. SN210419 Skjalnr. 5813

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals svæði norðan Miklubrautar. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Elliðaárdals norðan Vesturlandsvegar er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 10 ha samkvæmt uppdr. Landslags dags. 30. mars 2021.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

58. **Ártúnshöfði iðnaðarsvæði,** *breyting á deiliskipulagi* (04.0) Mál nr. SN210420 Skjalnr. 6064

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða - iðnaðarsvæði. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Ártúnshöfða - Iðnaðarsvæði er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 11,5 ha, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 20. apríl 2021.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 31. ágúst 2021.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:44.

Björn Axelsson

Ólafur Melsted Lilja Grétarsdóttir

Helena Stefánsdóttir Ólöf Sara Gregory.